




LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Reglugerð um mótahald á Íslandi





REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI EFNISYFIRLIT

1. Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í aldursflokkum	3
1.1 Aldursflokkaskipting	3
1.2 Styrkleikaskipting fullorðinsflokks	4
2. Þátttöku- og keppendareglur	5
3. Reglugerð um dómara í hestaíþróttum	6
4. Reglugerð um Úrskurðarnefndir og dómstól ÍSí	7
4.1 Yfirdómnefnd	7
4.2 Keppandi dæmdur úr leik og agaviðurlög	7
4.2.1 Gildissvið	7
4.2.2 Skrá yfir agaviðurlög	7
4.2.3 Viðurlög	8
4.2.4 Dæmt úr leik og agaviðurlög	8
4.3 Úrskurðar- og aganefnd	10
4.4 Dómstólar ÍSí	10
5. Íslenskar sérreglur um keppni	11
5.1 Auglýsingar móta	11
5.2 Skyldur keppenda	11
5.3 Skyldur dómara og starfsmanna	11
5.4 Ferðalög erlendis	11
5.5 Viðbrögð við slysum og óhöppum á mótssvæði	12
5.6 Innanhússmót	12
5.6 Aðstæður til skeiðkappreiða	12
5.7 Eyðublöð	12
5.7.1 Mótsskýrsla	13
5.7.2 Skýrsla yfirdómnefndar	15



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

1. Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í aldursflokkum

1.1 Aldursflokkaskipting

Keppendum í hestaíþróttum er skipt í eftirfarandi aldursflokka og miðast aldur við almanaksárið, þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst. Keppnisgreinar hvers aldursflokks eru sem hér segir:

Pollar (9 ára á árinu eða yngri)

Börn (10 - 13 ára á keppnisárinu):

- T1/T3 tölt
- V1/V2 fjórgangur
- Gæðingalist
- Hindrunarstökk

Aldurstakmörk fyrir barnaflokk eru bindandi, þ.e. þótt ekki sé boðið upp á pollaflokk mega yngri knapar ekki keppa í barnaflokki.

Unglingar (14 - 17 ára á keppnisárinu):

- T1/T3 tölt,
- T2/T4 tölt,
- V1/V2 fjórgangur
- F1/F2 fimmgangur
- PP1 gæðingaskeið
- 100 m skeið P2
- Gæðingalist
- Hindrunarstökk

Ungmennni (18 - 21 ára á keppnisárinu):

- T1/T3 tölt
- T2/T4 tölt
- V1/V2 fjórgangur
- F1/F2 fimmgangur
- PP1 gæðingaskeið
- P2 100m skeið
- Gæðingalist
- Hindrunarstökk

Fullorðinsflokkur:

- T1/T3 tölt
- T2/T4 tölt
- V1/V2 fjórgangur
- F1/F2 fimmgangur
- PP1 gæðingaskeið
- P3 150 m
- P1 250 m. skeið
- P2 100 m skeið
- Gæðingalist
- Hindrunarstökk

Að auki má í öllum aldursflokkum keppa í fleiri greinum tölts og fjórgangs svo sem V4, V5, T7, T8 sem boðið er upp á í reglupakkanum og í unglingsflokkum og eldri í öllum greinum fjórgangs, tölts og fimmgangs.

Þátttökuréttur í hlaupagreinum sem ræstar eru úr kyrrstöðu skal við miðast við að knapi verði að lágmarki 14 ára á árinu. Keppandi sem ekki hefur náð 16 ára aldri skal framvísa skriflegu leyfi foreldris/forráðamanns.



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

1.2 Styrkleikaskipting fullorðinsflokks

3. flokkur:

Hugsaður fyrir algera byrjendur og minna vana áhugamenn. Hámark 3 keppendur inn á vellinum í einu. Keppt skal í V5 og T7, T8 og öðrum léttari keppnisgreinum. Þegar keppnisparið hefur komist í A úrslit á þremur mótum í þessum flokki telst hann ekki lengur byrjandi eða minna vanur áhugamaður og keppir á næsta móti í 2. flokki.

2. flokkur:

Hugsaður fyrir minna vant keppnisfólk. Hámark 3 keppendur inni á vellinum í einu. Til dæmis T3, T4, V2 og F2. Fyrir þennan flokk má nota venjulegar greinar og einnig léttari keppnisgreinar fyrir minna vant keppnisfólk sem finna má í kafla um keppnisgreinar. Til dæmis T7 og V5 fyrir þá sem ekki keppa fyrrtöldum greinum.

1. flokkur:

Hámark 3 keppendur inni á vellinum í einu svo sem greinum T3, T4, V2 og F2 og fleirum.

Meistaraflokkur:

Í meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1 sem og fleiri greinar. Þar mega allir taka þátt og er hann hugsaður fyrir reynt keppnisfólk.

Keppandi má einungis keppa í einum flokki, þ.e. 3. flokki, 2. flokki, 1. flokki eða meistaraflokki á sama móti.

Rísi ágreiningur um flokkaskiptingu keppenda, hefur mótsstjórn úrskurðarvald.

Keppendum í yngri flokkum er heimilt að keppa í næsta aldursflokki fyrir ofan sinn flokk, sé ekki boðið upp á viðkomandi keppnisgrein í þeirra flokki. Þó er þar sú undantekning gerð að börn 9 ára eða yngri mega ekki keppa í barnaflokki.



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

2. Þátttöku- og keppendareglur

Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið skráðir á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

Keppandi getur aðeins tekið þátt í löglegu íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili.

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH öðrum en millilandakeppni, að uppfylltu eftirfarandi skilyrði:

Keppandi sé löglegur félagi í hestamannafélagi og uppfylli ákvæði um keppnisrétt sbr. 1. mgr.

Erlendur ríkisborgari getur aldrei verið titlaður Íslandsmeistari, þótt hann sigri grein á Íslandsmóti og skal þá Íslandsmeistari krýndur sá íslenskur ríkisborgari sem er í næsta sæti við erlenda ríkisborgarann.

Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum þátttöku- og keppendareglna er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna.



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

3. Reglugerð um dómara í hestaíþróttum

3.1 Dómarar

Dómarar sjá um að farið sé eftir reglum, að mót séu haldin í góðum íþrótaanda og að velferð hestsins sé í fyrirrúmi öllum stundum.

3.2 Dómararéttindi

Dómarar við gæðingakeppni og íþróttakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem dómari í greinum hestaíþróttanna.

Til að öðlast og viðhalda dómararéttindum þarf viðkomandi að standast dómarapróf á vegum LH og standast kröfur sem settar eru af Dómaranefnd LH. Dómaranefnd LH gefur út lista yfir virka dómara og birtir á vefsíðu LH ár hvert.

Dómararéttindi eru stigskipt. Íþróttadómarar skiptast í héraðsdómara, landsdómara og alþjóðadómara FEIF. Gæðingadómarar skiptast í félagsdómara og landsdómara. LH ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildingu héraðs-, félags-, og landsdómara en FEIF ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildinu alþjóðadómara. Réttindi gæðingadómara:

- a) *Félagsdómari hefur rétt til að dæma öll almenn gæðingamót, þó ekki landsmót og fjórðungsmót*
- b) *Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum gæðingamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess*

Réttindi íþróttadómara:

- a. *Héraðsdómari hefur rétt til að dæma öll almenn íþróttamót, þó ekki Íslandsmót og Landsmót.*
- b. *Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum íþróttamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess.*

Réttindi dómara í gæðingalist:

sjá gr. GL3.7 í reglugerð um gæðingalist.

Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómararéttindin í allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaværða eða óviðeigandi framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til dómarafélaganna.

Um alþjóðadómararéttindi vísast til gr. G2.2 í reglum FEIF.

3.3 Skipun dómara á mót

Dómaranefnd ber ábyrgð á skipun dómara á mót. Aðildarfélög LH sækja um dómara á lögleg mót til Dómaranefndar LH í síðasta lagi 7 dögum fyrir upphaf móts. Dómaranefnd hefur heimild til að fela Hestaíþróttadómarafélagi Íslands og Gæðingadómarafélagi LH úthlutun dómara á mót.

3.4 Um hæfi dómara

Um hæfi dómara skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Um dómara gilda siðareglur LH, FEIF og ÍSí. Dómari má ekki eiga hest í keppni á Íslandsmóti, lands- eða fjórðungsmóti, í þeim flokki sem hann dæmir.



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

4. Reglugerð um Úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ

4.1 Yfirdómnefnd

Á öllum mótum starfar yfirdómnefnd, sem hlutast til um að mót fari eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd skal dæma keppendur í keppnisbann vegna brota á reglu Í1.7 (Dregið til baka úr keppni).

Yfirdómnefnd skal innan sólarhrings frá mótslokum, senda Úrskurðar- aganefnd LH mótsskýrslu, einnig skal hún samhliða skilum á mótsskýrslu til Úrskurðar- og aganefndar senda sérhverjum þeim sem getið er í mótsskýrslu upplýsingar um atvik sem varðar viðkomandi, vegna brota á lögum og reglum LH.

Yfirdómnefnd skal heimilt að senda inn kæru til Úrskurðar- og aganefndar, telji hún þess þörf.

Ákvarðanir Yfirdómnefndar um viðurlög vegna brota á reglum sem falla undir lið 4.2.4 (Dæmt úr leik og agaviðurlög) eru endanlegar og verða ekki kærðar til Úrskurðar- og aganefndar. Heimilt skal þó að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvörðun yfirdómnefndar um að dæma keppanda í keppnisbann.

Um heimild til að leggja fram kæru, viðurlög sem heimilt er að beita keppendur og rétt þeirra til að áfrýja ákvörðunum dómara og/eða annarra starfsmanna móts til Yfirdómnefndar gilda ákvæði reglna 4.1.2, 4.2.3 og 4.2.4 hér að neðan.

4.1.1 Yfirdómnefnd skal skipuð eftirtöldum aðilum:

- Mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndur af honum
- Meðlimi framkvæmdanefndar
- Yfirdómara eða meðlimi dómarastarfsliðs, áður tilnefndur af honum
- Formanni keppnisnefndar LH eða fulltrúa hans, áður tilnefndur af honum.
- Talsmanni knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum. Ef finna þarf staðgengil knapa tekur knapinn með næstflest atkvæði úr kosningunni hans sæti. Á sérstökum barna- og unglíngamótum skal það vera æskulýðsfulltrúi LH (formaður æskulýðsnefndar) eða annar fulltrúi tilnefndur af mótshaldara.

Á mótum sem eru ekki World Ranking mót, er heimilt að yfirdómnefnd sé aðeins skipuð þremur aðilum, Yfirdómara, mótsstjóra og fulltrúa knapa og skal yfirdómari vera formaður hennar.

4.1.2 Heimild til að leggja fram kæru á yfirstandandi móti.

Hver sá sem telur sig órétti beittan, birt dagskrá sé óréttlát eða brjóti á rétti keppenda (conditions of the schedule), eða vegna brota á lögum og reglum LH hefur rétt til að leggja inn kæru til yfirdómnefndar. Hið sama gildir um alla dómara, skipuleggjanda eða mótsstjóra.

Kæur vegna ákvarðana dómara geta einungis verið byggðar á því að lög og reglur LH hafi verið brotnar eða reglur um óhlutdrægni.

Kæru þarf að leggja fram skriflega til mótsstjóra í síðasta lagi hálf tíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt greiðslu tryggingar til mótshaldara, að upphæð kr. 28.000 eða jafnvirði í erlendri mynt, þar af skulu 7.000 kr. ávallt vera óendurkræfar. Kæru vegna tímatöflu eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar. Endurkræfur hluti tryggingar skal endurgreiddur ef fallist er á að fullgildar ástæður séu fyrir kærinni.

4.2 Keppandi dæmdur úr leik og agaviðurlög

4.2.1 Gildissvið

Reglur varðandi það að menn séu dæmdir úr leik og agaviðurlög eru gildar á öllum mótum allt frá því að knapi og/eða hestur hans kemur inn á mótssvæðið í fyrsta skipti þangað til knapi og hestur(hestar) hans fara af mótssvæðinu í síðasta sinn.

Knapi telst vera ábyrgur fyrir hesti (hestum) sem hann tekur þátt í keppni með á einhvern hátt.

4.2.2 Skrá yfir agaviðurlög

FEIF heldur skrá yfir allar skýrslur um viðvaranir og keppnisbönn sem tilkynntar eru til FEIF, vegna brota á agareglum sem lýst er í þessari grein.



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

Viðvaranir og keppnisbörn skulu birt á vefsíðu LH og tilkynnt af LH til FEIF þegar ákvörðun liggur fyrir. Tilkynning skal send FEIF með ábyrgðarbréfi fyrir lok ofangreinds frests eða tölvupósti. Ef tilkynning er send með tölvupósti, verður FEIF að staðfesta móttöku. Afrit tilkynningar skal einnig sent viðkomandi aðila/aðilum. FEIF tekur enga efnislega afstöðu til málsins að öðru leyti en því að ganga úr skugga um að ákvörðun stafi frá úrskurðarnefnd í aðildarríkinu, sem er til þess bær að taka viðkomandi ákvörðun.

Reglur um opinbera viðvaranir skulu einungis eiga við um knapa sem orðnir eru 18 ára (miðað við almanaksár) eða eldri á fyrsta degi móts.

4.2.3 Viðurlög

Eftirtalin viðurlög má nota ein og sér eða saman vegna brota á lögum og reglum LH:

- *Útilokun frá keppnisgrein*
- *Viðvörðun sem ekki er gerð opinber*
- *Viðvörðun sem gerð er opinber*
- *Brottrekstur af móti*
- *Keppnisbann*


Brottrekstri af móti og keppnisbanni skal ávallt beita ásamt opinberri viðvörðun.

[Íslensk sérregla] Ekki skal dæma keppendur yngri en 18 ára (miðað við almanaksár) í keppnisbann.

4.2.4. Dæmt úr leik og agaviðurlög

Brot á lögum og reglum LH eru flokkuð og meðhöndluð samkvæmt töflu hér á eftir. Skilyrði fyrir beitingu viðurlaga eru gefin til kynna með eftirfarandi tölustöfum þannig:

- (1) a) Séð af 2 eða fleiri dómurum:
 - *A.m.k. tvö gul spjöld sýnd: Viðvörðun, sem verður að lokum birt*
 - *2 rauð spjöld eða fleiri sýnd: Viðkomandi skal dæmdur úr keppnisgrein*Dómari getur sýnt rautt og gult spjald samtímis.
- b) Séð í búnaðarskoðun
- (2) *Má kæra til yfirdómnefndar (á viðkomandi móti)*
- (3) *Má kæra til Úrskurðar- og aganefndar LH*
- (4) *Staðfest af sport fulltrúa, mótsstjóra eða yfirdómara á viðkomandi móti*
- (5) *Úrskurðað á fundi dómara*
- (V) *Eingöngu eftir dýralæknisskoðun*



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

BROT	Dæmt úr keppnisgrein	Viðvörðun – ekki gerð opinber	Viðvörðun – gerð opinber	Brottrekstur af móti	Keppnisbann
A) Brot á reglum sem lýst er í 1.6.1 og 1.6.3.2	1)	1) eða 4) 2)			
B) Tvö eða fleiri gul spjöld sýnd		1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)		
C) Brot á reglum varðandi járningar sbr. 1.6.3.1	1)			4) eða 5) 2)	
D) Brot á reglum varðandi afskráningar	1)			4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
E) Tvö eða fleiri rauð spjöld sýnd	1)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
F) Ef einstaklingur kemur óorði á nafn samtaka og/eða keppni á íslenskum hestum		1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
G) Ósanngjörn eða ruddaleg meðferð á hesti, á eða utan vallar	1) eða 4) 2)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
H) Brot á siðareglum	1) eða 4) 2)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
I) Keppt á hesti sem haldinn er smitandi sjúkdómi	V) + 1) eða 4) 2)	V) + 1) eða 4) 2)	V) + 4) eða 5) 2)	V) + 4) eða 5) 2)	V) + 4) + 2) 3)
J) Notkun efna sem geta haft áhrif á frammistöðu hests eða knapa	V) + 1) eða 4) 2)	V) + 1) eða 4) 2)	V) + 4) eða 5) 2)	V) + 4) eða 5) 2)	V) + 4) + 2) 3)
K) Blekking eða tilraun til blekkingar við skráningu eða þátttöku á móti, t.d. boðar ekki forföll	1) eða 4) 2)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
L) Hlýtir ekki ákvörðun úrskurðarnefndar	4) 3)			4) 3)	



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

4.3 Úrskurðar- og aganefnd

Úrskurðar- og aganefnd úrskurðar um brot á lögum þessum, reglugerðum og reglum LH og ákvarðar viðurlög, í samræmi við reglur Úrskurðar- og aganefndar. Einnig er heimilt að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvarðanir yfirdómnefndar, að því marki sem þær eru ekki háðar endanlegu ákvörðunarvaldi Yfirdómnefndar. Þá getur Úrskurðar- og aganefnd veitt keppendum og starfsmönnum móta áminningar og dæmt keppendur í keppnisbann, í samræmi við reglur um Úrskurðar- og aganefnd sem stjórn LH setur.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og skulu kveðnir innan [14] virkra daga eftir að öll gögn og upplýsingar liggja fyrir. Ákvörðun eða úrskurðir um keppnisbann skal þó kveða upp innan [5] daga frá mótslokum. Úrskurðar- og aganefnd LH skal skipuð þremur aðalmönnum og tveimur til vara. Formaður skal vera löglærður. Nefndarmenn skulu skipaðir af stjórn LH, að loknu landsþingi, til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar samkvæmt úrskurðar- og agareglum LH og skulu a. m. k. þrír nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

Um hæfi þeirra sem skipa Úrskurðar- og aganefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í Úrskurðar- og aganefnd skulu ekki eiga sæti í stjórn LH. Sé nefndarmaður í Úrskurðar- og aganefnd jafnframt stjórnarmaður í aðildarfélagi LH skal hann víkja sæti við meðferð máls sem snertir félagsmann þess félags.

Verkefni Úrskurðar- og aganefndar:

- a. *Úrskurðar- og aganefnd úrskurðar um brot á lögum og reglum LH á grundvelli mótsskýrslna frá Yfirdómnefnd og ákvarðar viðurlög í samræmi við reglur Úrskurðar- og aganefndar og lög og reglur LH.*
- b. *Heimilt er að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvarðanir Yfirdómnefndar um áminningar og keppnisbann.*

Kæra til Úrskurðar og aganefndar skal vera skrifleg. Frestur til að leggja fram kæru skal vera 48 klst. frá mótslokum ef kæra varðar ákvörðun Yfirdómnefndar.

Í öðrum tilvikum ber að senda kæru til Úrskurðar- og aganefndar innan 48 klst frá því að kæranda varð ljóst eða hefði mátt vera ljóst um þau atvik sem hann telur að brotið hafi á réttindum sínum eða hagsmunum samkvæmt lögum og reglum LH.

Í þeim tilvikum þegar Úrskurðar- og aganefnd ákvarðar viðurlög vegna atvika sem getið er um í mótsskýrslu (og kæránleg eru til Úrskurðar- og aganefndar) og ekki hafa áður verið tekin til ákvörðunar Yfirdómnefndar, skal Úrskurðar- og aganefnd gefa aðila 48 klst. frest til að senda inn skrifleg mótmæli eða athugasemdir um það/þau atvik sem getið er um í mótsskýrslu, áður en ákvörðun er tekin.

Stjórn LH er heimilt að skjóta til Úrskurðar- aganefndar öllum málum sem varðar brot á lögum og reglum LH í samræmi við ákvæði greinar 1.6.1 í lögum LH.

Um málsmeðferð fyrir Úrskurðar- og aganefnd vísast til reglna um Úrskurðar- og aganefnd.

Ákvarðanir Úrskurðar- og aganefndar eru kæránlegar til Dómstóls ÍSÍ.

Stjórn LH er heimilt að setja nánari reglur um Úrskurðar og aganefnd LH, þar sem nánar er kveðið á um verkefni og starf nefndarinnar.

4.4 Dómstólar ÍSÍ

Dómstólar ÍSÍ hafa fullnaðarlögsögu í málefnum sem upp kunna að koma innan LH. Dómstólarnir starfa skv. lögum um dómstóla Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

5. Íslenskar sérreglur um keppni

Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við.

5.1. Auglýsingar móta

Opin íþróttamót og keppni milli héraða skal auglýsa með minnst 7 daga fyrirvara. Opinber innanhéraðsmót skal auglýsa með minnst 7 daga fyrirvara. Sé um mót að ræða, sem greiða þarf til þátttökugjald, skal þess getið í auglýsingunni og gjaldið fylgja þátttökutilkynningunni. Þá skal koma fram frestur til að tilkynna þátttöku og skal hann aldrei vera skemmri en 3 dagar. Innanfélagsmót skal auglýsa þannig að félagsmenn eigi almennt kost á að kynna sér efni auglýsingarinnar. Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni/mót, megi þeir einir keppa sem höfðu keppnisrétt, þegar keppnin/mótið átti að fara fram nema ef opnað hefur verið fyrir skráningu og skal þá auglýsa nýjan skráningarfrest vandlega. Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

5.2 Skyldur keppenda

Keppendum er óheimilt að vera undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna. Leiki grunur á að svo sé þó ekki séu tók á að færa fullar sannanir fram að lögum fyrir ölvun, skal yfirdómnefnd koma saman og ákvarða hvort og hvernig refsingu skuli háttáð:

- *Reynist yfirdómnefnd sammála um að kvörtun eigi ekki við rök að styðjast, fellur málið niður.*
- *Reynist einn yfirdómnefndarmaður álíta að um brot sé að ræða, skal áminna keppanda án spjalds.*
- *Reynist tveir yfirdómnefndarmenn álíta að um brot sé að ræða, skal áminna keppanda og sýna honum gult spjald.*
- *Reynist allir yfirdómnefndarmenn álíta að um brot sé að ræða, skal sýna keppanda rautt spjald, honum umsvifalaust vikið úr keppni og árangur hans felldur niður.*

Rétt til að bera fram kæru til yfirdómnefndar hafa keppendur og starfsmenn móta. Starfsmönnum ber að koma kærum sínum umsvifalaust til yfirdómnefndar.

5.3 Skyldur dómara og starfsmanna

Dómarar og starfsmenn móta skulu jafnan koma til starfa það tímanlega, að þeir geti gengið úr skugga um að allur útbúnaður sé löglegur.

Starfsmenn móta skulu koma fram af fyllstu kurteisi. Sýni starfsmaður móts vitaverða framkomu gagnvart keppendum eða áhorfendum, hefur yfirdómnefnd heimild til að víkja honum frá störfum.

5.4 Ferðalög erlendis

Þegar um er að ræða keppendur í hestaíþróttum sem mynda íþróttaflokka, skulu þeir á ferðum sínum, innanlands og utan, fara eftir reglum LH um ferðalög. Knapar, jafnt íþróttá- sem kynbótaknapar, starfsmenn og þjálfarar sem ferðast á vegum LH í keppnisferðum innanlands og erlendis skulu allir hlíta sömu reglum varðandi agabrot.



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

5.4 Viðbrögð við slysum og óhöppum á mótssvæði

Mótshöldurur ber að framfylgja viðbragðsáætlun Landssambands hestamannafélaga.

Viðbragðsáætlun tekur til hverskyns slysa eða óhappa sem gerast á meðan á móti stendur.

Mótsstjórn skipar öryggisfulltrúa sem hefur yfirumsjón með atvikum sem upp koma og skal mótstjórn og/eða yfirdómari tilkynna öryggisfulltrúa um slys og óhöpp.

Sjá fylgiskjal: Viðbragðsáætlun fyrir mótahald Landssambands hestamannafélaga

5.6 Innanhússmót

Til að innanhússmót verði lögleg og telji til árangurs knapa á hverju keppnisári þarf mótið að fara fram á velli sem er að lágmarki 19 m á breidd og 50 m á lengd í hringvallagreinum og að lágmarki 18 m á breidd og 40 m á lengd í gæðingalist.

Allar löglegar hringvallagreinar í íþróttakeppni, framkvæmdar samkvæmt gildandi reglum greinanna, teljast til löglegra innanhússgreina að uppfylltum skilyrðum og gilda því á stöðulista ársins innanhúss. Ekki er heimilt að keppa í flugskeiði í gegnum höll í barna- og unglingsflokki

Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku í íþróttgreinum á Landsmóti né ekki til þátttöku á Íslandsmóti.

5.7 Aðstæður til skeiðkappreiða

Aðstæður til skeiðkappreiða skulu vera viðunandi og þannig sett upp að slyshætta sé í algjöru lágmarki. Startbásar skulu vera eins hljóðlátir eins og unnt er og byggðir upp á þann hátt að öryggi hests og knapa sé í fyrirrúmi.

Fyrir skeið með fljúgandi starti skal aðdragandi skeiðkaflans vera nægilega langur og vel afmarkaður eins og skeiðkaflinn sjálfur. Niðrhægingarkafllinn eftir að skeiðkafla lýkur skal vera afmarkaður að lágmarki 70 m. og í framhaldi flóttaleið sem sé því sem næst bein eða í aflíðandi línu, leiðin sé greiðfær og undirlag stöðugt.

Mótsstjóri, yfirdómari og fulltrúi knapa skulu yfirfara og samþykkja að aðstæður til skeiðkappreiða séu viðunandi. Fulltrúi knapa hefur meira vægi en mótsstjóri og yfirdómari telji hann aðstæður ekki viðunandi.

5.8 Eyðublöð

Mótaskýrsla og skýrsla yfirdómnefndar koma hér fyrir neðan. Öll mót eiga að senda báðar skýrslurnar strax að móti loknu, undirritaðar af viðkomandi aðilum.



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

5.7.1 Mótaskýrsla

Mót:	Staðsetning:
Mótshaldari:	Sími:
Dagsetning:	Auglýst dags:
Tengiliður:	Sími:
Keppnisgreinar:	
-Börn:	
-Unglingar:	
-Ungmenn:	
-2. flokkur:	
-1. flokkur:	
-Meistaraflokkur:	
-Annað:	
Formaður framkvæmdanefndar:	
Mótsstjóri:	
Vallarstjóri:	
Fótaskoðun:	
Þulur/þulir:	
Yfirdómari:	
Dómarar:	
Áminningar og kærur:	



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

5.7.1 Mótaskýrsla

Stutt skýrsla og athugasemdir framkvæmdanefndar:

Dags: _____

Formaður framkvæmdanefndar

Athugið: Senda skal árangur keppenda í eða með skýrslu þessari. Nóg er að senda mótaskrá þar sem árangur kemur fram. Mótaskráin skal þá staðfest af dómurum mótsins með undirskrift sinni.



REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI

5.7.2 Skýrsla yfirdómnefndar

Mót:	Staðsetning:
Mótshaldari:	Sími:
Dagsetning:	Auglýst dags:
Tengiliður:	Sími:
Yfirdómari:	
Mótsstjóri:	
Fulltrúi knapa:	
Agabrot (tilgreinið nafn, kennitölu og félag viðkomandi):	
Agabrot (tilgreinið nafn, kennitölu og félag viðkomandi):	
Stutt skýrsla og athugasemdir yfirdómnefndar:	

Yfirdómnefnd:

Dagsetning: _____

Yfirdómari: _____

Mótsstjóri: _____

Vallarstjóri: _____